



## Jafnlaunastefna Framhaldsskólans á Laugum

Í gildi frá 2020

Framhaldsskólinn á Laugum leggur metnað sinn í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að launamunur sé ekki til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna Framhaldsskólans á Laugum.

Markmið Framhaldsskólans á Laugum er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem konur og karlar hafa jöfn tækifæri í starfi og kynbundinn launamunur mælist ekki og sé alltaf innan við  $\pm 1,2\%$ .

Samkomulag hefur verið gert við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi Framhaldsskólans á Laugum. Geri vottunaraðili á einhverjum tímamarki athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendingar og lagfærð.

Framhaldsskólinn á Laugum skuldbindur sig til að skjalfesta, og innleiða jafnlaunakerfið og heitir að viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur ÍST85:2012 staðalsins. Hann skuldbindur sig jafnframt til að tryggja umbætur, eftirlit og viðbrögð sbr. kröfur staðalsins og skapa umgerð til að setja fram og rýna jafnlaunmarkmið. Einnig skuldbindur skólinn sig til að fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma skv. lögum 10/2008 og reglugerð 1030/2017.

Framhaldsskólinn á Laugum hefur í þessu samhengi innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Framhaldsskólinn á Laugum skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.

Á grunni nýs lagaramma hefur Framhaldsskólinn á Laugum að markmiði að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það verði skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Framhaldsskólans á Laugum. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu Framhaldsskólans á Laugum.